

SÖGULEG SPIL - Sigurbjörg Árnadóttir




Vitafélagið – íslensk strandmenning hefur látið framleiða spil til styrktar starfsemi félagsins. Til liðs við sig fékk félagið Veigu Grétarsdóttur, kajakræðara og baráttukonu til að taka myndir af vitum. Myndirnar eru einstakar, teknar við öll hugsanleg veðurskilyrði, margar af sjó og frá óvenjulegu sjónarhorni. Fimmtíu og tvær myndir af vitum landsins vitna um fjölbreytileika þeirra og fagurt umhverfi. Samtímis sýna þær og segja sögu af erfiðleikum við að byggja þá og fyrir vitaverði að búa á afskektustu stöðum landsins.

Spilin verða til sölu hjá félaginu, söfnum og einstaklingum. Fylgist með á **Facebook** og heimasíðu félagsins www.vitafelagid.is og hjá Veigu <https://www.instagram.com/veigagretarsdottir/>



FORNBÁTAR Á ÍSLANDI - SJÓMENNIRNIR OG SAGA ÞEIRRA

- Sigurbjörg Árnadóttir



Á dögum kom út bókinn *Fornbátar á Íslandi - sjómennirnir og saga þeirra*. Bókin verður að teljast tímamótaverk, en þar er skipa- og bátaarfleifi þjóðarinnar gerð skil á áhugaverðan og glæsilegan hátt. Fremst í bókinni er að finna ávarp forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessonar, sem fagnar útgáfunni en harmar að Íslendingum hafi ekki auðnast að varðveita svo mikið sem einn síðutogara. Í bókinni er fjallað um 54

fleytur sem hafa varðveist. Elsti báturinn er frá um 1820 og sá yngsti frá 1963. Í bókinni lýsir höfundur, Helgi Máni Sigurðsson sagnfræðingur, bátunum og segir sögu þeirra en fjallar jafnframt um sjómennina sem notuðu þá. Fjölmargir einstaklingar eru kynntir til sögunnar og ríkulegt myndefni styður vel við frásögnina. Ómissandi bók fyrir áhugafólk um fornþáta og varðveislur þessara menningarminja.

Spegill fortíðar – silfur framtíðar

Sjóminjasafninu, Grandagarði 8, 101 Reykjavík

Nú er vetrarstarf félagsins komið á fullt skrið. Fyrstu fyrirlestrar voru ekki af verri endanum en það voru reynsluboltarnir og frumkvöðlarnir Höskuldur Einarsson og Guðbjartur Gunnarsson. Höskuldur fræddi gesti um tilurð Slysavarnaskóla sjómanna og mikilvægi öryggis til sjós og Guðbjartur sýndi mjög merkilegt og upplýsandi myndband um horfin handtök til sjós.

Næsti Spegill verður haldinn miðvikudaginn 8. nóvember kl. 20.00

- **Konur í sjávarútvegi - Ingibjörg Bryngveisdóttir, stýrimaður á Herjólfri**
- **Didi Frissa - Ásmundur Friðriksson, alþingis- og sagnamaður**

EFTIR ÁRAMÓT VERÐUR DAGSKRÁIN SVOHLJÓÐANDI:

Miðvikudagskvöldið 3. janúar kl. 20.00

- **Á sjó - Erla Ásmundsdóttir**
- **Sjómennskan fyrr og nú og framtíð hennar - Inga Fanney Egilsdóttir, sjómaður**

Miðvikudagskvöldið 7. febrúar kl. 20.00

- **Trébatar hafa sál - Ágúst Österby, bátasmiður**
- **Framtíð báta og skipasmiða - Daniel Friðriksson, skipatæknifræðingur**

Miðvikudagskvöldið 6. mars kl. 20.00


- **Töfrar þarans - Katrín Þorvaldsdóttir, listamaður**
- **Auður roðsins - Dís Jóhannsdóttir, söðlasmiður**

Miðvikudagskvöldið 3. apríl kl. 20.00.

- **Breiðafjarðareyjar - Jóhannes Gíslason, Skáleyjum**

ALLIR VELKOMNIR!

Vinsamlegast fylgist með á heimasíðu félagsins www.vitafelagid.is og á Facebook



Fréttabréf

VITAFÉLAGIÐ

Íslensk strandmenning

2. tbl. 2023

Kæru lesendur

Þegar við tölum um strandmenningu þá snýst hún ekki aðeins um fortíðina. Hún er nú og einnig ókomin ár. Til þess að við getum gert okkur vonir um góða framtíð er nauðsynlegt að líta til baka, læra af mistökum og reynslu fyrri kynslóða.

Horft um öxl

Það er ekki svo langt síðan stærstu skip okkar voru átta eða tírónir súðbyrðingar. Varir og sjóbúðir voru allt í kringum landið. Mörg okkar áttu afa eða langafa sem reru frá þessum stöðum. Menn sem margir fóru gangandi langar leiðir til að komast í verið. Sumir þeirra komu ekki aftur, sjórinn tók sinn skerf og menn urðu einnig úti á leiðinni. Konur og börn horfðu á eftir eiginmönnum og feðrum í byrjun febrúar og fóru svo aftur að horfa út yfir túngarðinn þegar líða tók á maí. Álagið á konur kotunga var mikið. Þær þurftu að halda lífi í börnunum og örlitlum bústofni. Það var þeirra kraftaverk.

Togarakaup

Tvisvar og í raun þrisvar á síðustu öld voru nánast allir lausir peningar sem til voru í landinu nýttir til togarakaupa. Eftir þriðju bylgjuna af offjárfestingu fór aftur að halla undan fæti. Skipum varð að fækka. Bönnuð var smíði nýrra nema að önnur væru seld úr landi eða hoggin upp. Tonn á móti tonni hét kerfið. Ráðist var þá á gömlu trébatana sem enn voru nýttir til veiða á grunnslóð, þeir hífðir á land, sagaðir niður og brenndir. Þá mátti ekki einu sinni kaupa til að hafa sem fristundabáta en það var í lagi að selja þá til útlanda. Margur Færeyingurinn gerði þá góð kaup. Afliinn sem áður hafði verið tekinn á grunnslóð var nú tekinn í troll á ofnýttri djúpslóð. Atvinnuöryggi og lífsviðurværi íbúa margra minni sjávarbyggða var þar með fórnað. Kvótakerfinu var komið á 1983 en kvótinn var síðan færður markvisst yfir á stóru skipin.

Strandveidikerfið

Eina nýja ljósið sem hefur kviknað í þessu haftakerfi er strandveidikerfið. Það hefur aftur fært líf í litlar hafnir. Hefur jafnvel gert litla bæi áhugaverða til búsetu og einnig vakið áhuga ferðamanna.

Framtíðarsýn

Gera þarf eigendum strandveidibáta fært að nýta bátana á góðviðrisdögum til að fara út fyrir hafnagarða með ferðamenn og renna fyrir fisk og/eða skoða landið, ströndina frá öðru sjónarhorni. Ferðamenn kæmu hróðugir í land með einn eða tvo fiska sem þyrfti að elda. Koma þyrfti upp þjónustu fyrir þá svo þeir gætu breytt aflanum í gómsætan mat. Gæta verður að reglum um búnað báta sem sigla með ferðamenn, að þær verði raunhæfar bæði hvað varðar öryggismál og annan búnað um borð og unnar í samráði við rekstraraðila og heimafólk.

Hvernig stöndum við okkur sem menningarþjóð og hvað er strandmenning?

Kæru lesendur. Mörg gömlu mannvirkin sem voru byggð með handafli og vogartrjám eru nú að tapast. Því veldur hækkun sjávarstaða og brim. Hugsunarleysi við framkvæmdir eru þó sennilega afkastameiri í þessu niðurbroti. Einnig er lítil vilji og fjármunir í boði til að grafa upp og hlúa að gamalli leifð. Uppgerðum súðbyrðingum og nýsmíðuðum þarf sérstaklega að hampa. Þeir eru stór hluti menningar okkar. Smíði þeirra, handverkið og þekkingin má ekki tapast vegna skammtíma hugsunar í menntamállum. Lítum til frænda okkar á Norðurlöndum.

Ég hvet ykkur til að gefa okkar minjum gaum þegar þið ferðist um landið. Fræðast og efla með því áhugaverða framtíð fyrir börnin okkar. Í nánast öllum vikum og á nesjum þar sem var þökkaleg lending eru einhver merki um strit forfeðranna.

Guðmundur Hafsteinsson

Vinsamlegast munið að gneida félagsgjöldin

TRÉBÁTAR Hafa SÁL - BJARTSÝNISMAÐUR Í VIÐTALI

- Gunnhildur Hrólfsdóttir



Ágúst Österby
Ljósmynd. Gunnhildur
Hrólfsdóttir

Ágúst Österby fæddist í Reykjavík en fluttist ungur á Selfoss. Faðir hans var stýrimaður á báti sem gerði út frá Þorlákshöfn og Eyrarbakka og fór Ágúst í róðra með honum frá níu ára aldri, einnig var Ágúst með honum á skaki og krókaveiðum vestur á Patreksfirði, 14-16 ára. Hefur hann því verið talsvert til sjós en lærði húsasmíði og síðan byggingafræði í Danmörku. Þar ílentist hann meðal annars vegna kynna sinna af trébátum. Það sem heillaði hann var lífið í viðnum. „Gamli trébátar hafa sál og segja miklu meiri sögu en plast- og stálskip.“ Spurningunni um það hvenær áhugi hans hafi kviknað hló hann og sagði að hann hefði sennilega kviknað í öðru lífi. En þar sem ekki er ætlunin að kafa svo djúpt í þessu viðtali heldur hann áfram og segist hafa byrjað á skipamódelum strax í barnaskóla. Hann á einn bát á Íslandi, Jón forseta og 12 báta í Svíþjóð. Allt trébátar nema einn.

Sárgætilegt þykir honum að kennda í bátasmiði hafi verið lögð niður á Íslandi. Þó sé enn von meðan lærimeistarar séu til.

Virðing fyrir bátum

„Íslendingar eru á frekar lágu plani hér við varðveislu báta miðað við Færejar og hin Norðurlöndin. Gamli bátar minna þá bara á vosbúð og slor og um árabíl var ekki mikill kultúr í listiskipum og seglskipum. Við vélvæðingu báta hættum við að nota seglskútur. Færeingar bera virðingu fyrir seglbátum og halda þeim við. Taka þátt í samnorrænum mótum og keppnum í siglingum. Það getur ekki verið veðráttan hjá okkur sem gerir okkur erfiðara fyrir því í hinum löndunum eru oft afleit veður og öldurnar t.d. við Danmörku eru krappar meðan þær eru langar við Ísland.“

Annað sem ég skil ekki. Það er sá siður sem tíðkast á Íslandi að úrelða og farga trébátum. Það tíðkaðist ekki að eigendur tréskibáta héldu bátum sínum við og nýttu þá sjálfir, jafnvel til siglinga með fjölskylduna. Nei, nei, það skyldi saga þá niður og brenna. Siglingastofnun gekk á sínum tíma fremst í flokki við að útrýma þessum bátum og var stráheilum bátum fargað samkvæmt þessum reglum. Mér finnst þessar aðgerðir jafnast á við hryðjuverkasamtök sem útrýma mannfólki. Af hverju gátu hin Norðurlöndin notað sína gömlu báta en á Íslandi þurfti að eyða þeim? Ekki veit ég hvað var á bak við þessar ráðstafanir en kunnuglegt stef er „Það eru svo sérstakar aðstæður á Íslandi“, allt annað en á hinum Norðurlöndunum. Þó er það staðreynd að á Íslandi eru jafnvel betri aðstæður til að varðveita tré. Til dæmis er í Færejum meiri raki í loftinu sem hindrar varðveislu á tré en samt gengur þeim vel. Í Danmörku er viðvarandi lofttraki sem veldur því til dæmis að þeir geta ekki þurrkað fisk eins og við gerum hér. Skinnkajakarnir frá Grænlandi mygla í Danmörku og einnig glíma Danir, Svíar og

Norðmenn við miklar hitasveiflur meðan hér er svipað hita- og kulda stig nótt og dag, sumar og vetur.“

María Júlía

„Framtíð Maríu Júlíu er vonandi björt. Ég gerði úttekt á ástandi hennar, fór um allt skip og kafaði undir það. Niðurstaða mín var sú að skrokkur skipsins væri bara í fjandi góðu ástandi. Þyrfti að miklu leyti ekki annað en rétt viðhald, bera vel á hana af línolíu og þá mun hún endast lengi, lengi. Sárallítið er að dekkinu, þarf bara að skipta um nokkur borð og þramir. Ég ber mikla virðingu fyrir starf Jóns Sigurpálssonar heitins sem var safnastjóri þegar söfnin á Hnjóti og Ísafirði keyptu Maríu Júlíu svo hún var ekki seld til Afríku heldur siglt í Stykkishólmi 2008 þar sem hún fékk aðhlyningu. Hún beið svo í 16 eða 18 ár við bryggju á Ísafirði. Þrátt fyrir þessa bið var skrokkurinn í góðu lagi sem kom vel í ljós þegar hún var flutt til Akureyrar. Margvísleg verkefni gætu beðið skipsins í framtíðinni. Fyrir utan ferðabísness væri skipið frábær samnefari sjóminjasafna



María Júlía

á Íslandi, myndi sigla milli hafna og efla þekkingu og áhuga á gömlum tréskipum, plús að nýta það sem skólaskip og í öðrum menningarlegum tilgangi í þágu ríkis og bæja. Einnig til að halda námskeið eða ráðstefnur. Það þyrfti ekki endilega að vera alltaf á siglingu. Hægt væri að fara með nemendur í rannsóknarferðir kringum landið. Akureyringar eru nokkuð framsýnir og raunsærir. Þeir halda úti Húna II með stuðningi frá Akureyrarbæ. Áhugahópur sjálfbóðaliða, áhafna og skipasmiða halda utan um það. Þeir sigla með skólaborð öllum til ánægju. Akureyringar hafa gefið það út að þeir vilji styðja við trébátamenninguna.“

Sigurfari

„Við um land eru gamli bátar og flestir illa útlítandi vegna þess að málningin er flögnuð af og þá þykir sjálfsagt að farga þeim. Þegar þeir hafa verið málaðir snýst dæmið við. Sigurfari á Akranesi, elsta skip á Íslandi, sem búið er af mörgum að dæma ónýtan er bara ekki ónýtur. Ég grandskoðaði Sigurfara sem er mjög sterkbyggður og alls ekki ónýtur. Ég gerði þeim tilboð um að laga hann. Það þarf að bera á hann helling af línolíu. Regnvatn er óvinur viðarins, annað en sjórinn sem er saltur og það fer vel með viðinn.“

Ágúst er búinn að vera á landinu í þrjá mánuði og vinnur að uppgerð báts, Jóns forseta, sem byggður var 1965 í Bátalóni. Ágúst hugsar hann sem fljóttandi bátaverkstæði búinn búnaði til að gera við aðra báta. Hann vill halda námskeið um landið og er að útbúa kennslugögn.

„Íslendingar eru illa staddir í samanburði við hin Norðurlöndin í varðveislu trébáta og ég hef einlæg áhuga á að leggja mitt af mörkum til að opna augu þeirra og breyta viðhorfum til varðveislu trébáta.“

HEIÐURSFÉLAGI - Sigurbjörg Árnadóttir



Sigrún Klara Hannesdóttir

Hún snaraðist inn á fund hjá okkur hnarreist og spurul og okkur var strax ljóst að við komum ekki að tómun kofanum þar sem hún fór. Hún átti því enga undankomuleið, var skráð í félagið, strax kjörin í stjórn þess og hefur ekki losnað síðan – enda getur félagið illa af henni séð. Síðan eru liðin ein fimmtán ár – eða kannski meira. Sigrún Klara Hannesdóttir fæddist á Seyðisfirði 9. október árið 1943. Hún nam í Menntaskóla Akureyrar. Eftir útskrift þaðan lá leið hennar í Háskóla Íslands þar sem hún lauk prófi í ensku, íslensku og bókasafnsfræði. Að því loknu hélt hún til náms í University of Chicago í Bandaríkjunum, og varð fyrst Íslendinga til að ljúka þaðan doktorsgráðu í bókasafns- og upplýsingafræði. Sigrún Klara vann á bókasafni í Michigan en flutti síðar til Perú þar sem hún vann sem ráðgjafi við háskólann í Trujillo. Eftir heimkomu til Íslands árið 1971 var hún skólasafnafulltrúi Reykjavíkurborgar og kenndi einnig við Háskóla Íslands. Var hún fyrsta konan sem fékk prófessorstöðu við félagsvísindadeild skólans. Árin 1998-2002 var hún forstöðumaður Nordisk institute för vetenskaplig information í Helsinki. Hún var Landsbókavörður 2002-2007 og fyrsta konan til að gegna þeirri

stöðu. Sigrún Klara hefur haldið fyrirlestra víða um heim um framtíðarsýn í upplýsingasamfélagi, þekkingarstjórnun, skólasöfn og upplýsingalæsi, menntun bókavarda og bókasafnsfræðinga og hlutverk háskólabókasafna í sýndarháskólanum. Hún stjórnaði útvarpsþáttum um rithöfunda og barnabækur 1987-1990 og skrifaði umsmagnir um barnabækur í Morgunblaðið frá 1991. Sigrún Klara er löggiltur skjalapýðandi í og úr ensku.

Í Vitafélaginu – íslensk strandmenning er ekki hart barist um stöður í stjórn félagsins og enginn vill bera ábyrð á fjármálum þess – alls enginn. Þess vegna tók Sigrún Klara það að sér. Ósérhlífir og talnaglögg sá hún um öll fjármál, hætti reyndar formlega sem gjaldkeri fyrir þrem árum en hefur þurft að draga þá sem á eftir komu að landi. En hún hefur ekki bara séð um að fjármálin séu í lagi. Hún hefur þýtt það sem hefur þurft að snara af öðrum tungumálum yfir á okkar ástkæra ylhýra mál og setið í áhöfn ritstjórnar fyrir blaðið okkar. Þar situr hún enn – enda getum við ekki án hennar verið.

Sjálf hef ég setið sem formaður í þessu félagi frá stofnun þess fyrir 20 árum en aldrei tekist að fá hana til að taka við af mér...enda ekki fyrir nokkurn mann að troða uppá hana því sem hún alls ekki vill. Hún er föst fyrir konan. Ég hef hins vegar búið við þann auð að hafa hana mér við hlið, notið ábendinga og leiðsagnar hennar eins og aðrir sem með henni hafa unnið, leitað í djúpar hirsulur þekkingar sem hún býr yfir.

Það var mér því sönn ánægja fyrir hönd félagsins að gera Sigrúnu Klöru Hannesdóttur að heiðursfélagi í Vitafélaginu -íslensk strandmenning.

Sigurbjörg Árnadóttir formaður

NORRÆNI SÚÐBYRÐINGASÁTTMÁLINN

Sáttmáli um varðveislu norrænna súðbyrðinga

Dagana 21.-22. september stóðu norrænu strandmenningarfélögin fyrir ráðstefnu í Hróarskeldu og Holbæk í Danmörku. Tilefni ráðstefnunnar var að fagna því á viðeigandi hátt að handverk og hefðir við smíði súðbyrtra báta er komið á lista UNESCO yfir óáþreifarlegar menningarminjar, en eins og flestum er kunnugt var það gert 14. desember 2021. Heimsfaraldurinn sá hins vegar um að fólk hafði hljótt um sig og héldi sig að mestu heima. Því var ákveðið að félögin myndu nýta tímann og gera með sér sáttmála um varðveislu súðbyrðinga sem byggir á niðurstöðum UNESCO og þeim skuldbindingum sem stjórnmöld á Norðurlöndum undirgengust við skráninguna.


Vikingsafnið í Hróarskeldu þar sem hluti ráðstefnunnar var haldinn



Sáttmálann má sjá í heild sinni á heimsíðu félagsins www.vitafelagid.is og undirrita á: <https://fs12.formsite.com/kysten/bnrgkt3zik/index> Um 150 manns frá öllum norrænu ríkjum

stóttu fjölbreytta og innihaldsríka ráðstefnuna og komust færri að en vildu. Að auki var ráðstefnugestum boðið í siglingar bæði í Hróarskeldu og Holbæk á súðbyrtum bátum af ýmsum stærðum og gerðum. Eftir hádegis föstudaginn 22. voru síðan opnar vinnustofur og kynningarbásar. Á laugardegnum gafst kostur á frekari samveru og siglingum.

Auðheyrt var á tali ráðstefnugesta að UNESCO viðurkenningin hefur vakið mikla athygli og áhuga á að efla kennslu, viðhald og kynningu á þessum mikilvæga þætti norræns menningararfs. Íslenskir ráðamenn eru reyndar ekki í hópi þeirra sem hrópa hátt í fögnuði sínum yfir viðurkenningunni. Enn heyrir ekkert um það hvornig framfylgja beri þessari viðurkenningu og ekki er nám í bátasmiði komið aftur á lista í skólum landsins.



Sigurbjörg Árnadóttir undirrita UNESCO sáttmálann fyrir hönd Vitafélagsins